

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Bláskógabyggðar nr. 592/2013.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 48. gr. samþykktarinnar:

- a) Ný tölulíður bætist við A-lið greinarinnar og verður tölul. 11 og verður svohljóðandi:  
*Jafnréttisnefnd.* Sveitarstjórn fer með jafnréttismál skv. lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.
- b) 7. tölul. B-liðar greinarinnar breytist og verður svohljóðandi:  
*Yfirstjórn sameiginlegrar skóla- og velferðarþjónustu og skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árneshings.* Sveitarstjórn Bláskógabyggðar kýs einn fulltrúa og annan til vara til setu í yfirstjórn sameiginlegrar skóla- og velferðarþjónustu sjö sveitarfélaga í Árneshingsu (NOS), samkvæmt samningi þar að lútandi.  
Fulltrúi Bláskógabyggðar í yfirstjórn (NOS) hefur umboð til að taka þátt í skipun í sjö manna sameiginlega skólaþjónustu- og velferðarnefnd á starfssvæði skóla- og félagsþjónustu sveitarfélaganna í samræmi við ákvæði samstarfssamnings og á grundvelli 7. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, 21. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og 40. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla. Skóla- og velferðarþjónustuvæðið heitir Skóla- og velferðarþjónusta Árneshings og nefndin skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshings.  
Fulltrúar í skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshings eru sjö auk jafnmargra varamanna og koma þeir úr Sveitarfélaginu Ölfusi, Hveragerðisbæ, Hrunamannahreppi, Bláskógabyggð, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Grímsnes- og Grafningshreppi og Flóahreppi.  
Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshings fer með stjórn sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla og félagsþjónustu sveitarfélagsins skv. lögum um leikskóla nr. 90/2008, lögum um grunnskóla nr. 91/2008, félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, málefni aldraðra skv. lögum nr. 125/1999 og málefni fatlaðra skv. lögum nr. 59/1992. Þá skipar nefndin fulltrúa í þjónustuhóp um málefni aldraða skv. 7. gr. laga nr. 125/1999 sem verður fulltrúi allra sveitarfélaganna sem að nefndinni standa. Nefndin fer með áfengisvarnir skv. lögum nr. 75/1998 og barnaverndarmál skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002. Nefndin fer með önnur málefni skv. erindisbréfi sem henni er sett.
- c) 8. tölul. B-liðar greinarinnar breytist og verður svohljóðandi:  
*Sameiginlegt þjónustusvæði Suðurlands um þjónustu við fatlaða.* Þrettán sveitarfélög á Suðurlandi mynda sameiginlegt þjónustusvæði á Suðurlandi um þjónustu við fatlaða í samræmi við lög nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks, sem starfar skv. sérstöku samkomulagi. Stjórn þjónustusvæðisins er skipuð þremur fulltrúum, þ.e. einum frá hverju félagsþjónustusvæði. Yfirstjórn sameiginlegrar skóla- og félagsþjónustu (NOS) skipar einn fulltrúa í stjórn þjónustusvæðisins. Framkvæmd þjónustusamningsins er í höndum þriggja manna þjónusturáðs og skipar NOS einn fulltrúa í þjónusturáðið sem skal vera forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings.
- d) 12. tölul. B-liðar greinarinnar fellur brott og númer tölulíða sem á eftir koma breytast í samræmi við framangreint.

#### 2. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Bláskógabyggðar hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér til að öðlast þegar gildi.

*Innanríkisráðuneytinu, 27. janúar 2014.*

F. h. r.

**Hermann Sæmundsson.**

*Stefanía Traustadóttir.*